



**145. fundur
leikskólanefndar
haldinn á Digranesvegi 1, Vatnsenda 1. hæð,
fimmtudaginn 20. október 2022 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Matthías Páll Imsland, Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, Hermann Ármannsson, Jóhanna Pálsdóttir, Hreiðar Oddsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Thelma Bergmann Árnadóttir, Eva Sjöfn Helgadóttir, Karen Rúnarsdóttir, Bryndís Baldvinsdóttir, Sigríður Kristín Sigurðardóttir, Guðrún B I le Sage de Fontenay, Anna Birna Snæbjörnsdóttir og Sigurlaug Bjarnadóttir.

Fundargerð ritaði: Sigurlaug Bjarnadóttir, deildarstjóri leikskóladeildar

Dagskrá:

1. 2101369 - Öryggi leiksvæða í Kópavogi.
Lögð fram skýrsla Umhverfissviðs Kópavogs og Miðstöðvar slysavarna barna um öryggi leiksvæða í Kópavogi, dags. 2. maí 2022
Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri kynnti skýrslu Umhverfissviðs Kópavogs og Miðstöðvar barna um öryggi leiksvæða Kópavogs.
2. 1010169 - Umsókn og endurnýjun á leyfi 2006-2020
Umsókn um endurnýjun á leyfi til daggæslu barna í heimahúsi lögð fram til samþykktar.
Leikskólanefnd samþykkir endurnýjun á leyfi til daggæslu barna í heimahúsi.
3. 1206392 - Reglur Kópavogsbæjar um dvöl barna hjá dagforeldrum
Dagforeldrar - kynning á reglum um um dvöl barna barna hjá dagforeldrum og eftirliti.
Sviðsstjóri menntasviðs og deildarstjóri leikskóladeildar fóru yfir Reglur Kópavogsbæjar um dvöl barna hjá dagforeldrum og hvernig leyfisveitingu, endurnýjun á leyfi og eftirliti er háttað.
4. 1206392 - Endurskoðun á þjónustusamningi við dagforeldra
Þjónustusamningur við dagforeldra lagður fram til samþykktar.
Leikskólanefnd samþykkir breytingar á þjónustusamningi, enda eru þær gerðar í samræmi við Reglur Kópavogsbæjar um dvöl barna hjá dagforeldri.
5. 1909444 - Umsókn um viðbótar skipulagsdag leikskóla
Leikskólinn Baugur óskar eftir viðbótar skipulagsdegi fyrir skólaárið 2022-2023 vegna námsferðar erlendis.
Leikskólanefnd samþykkir beiðni leikskólans Baugs um viðbótar skipulagsdag vegna námsferðar erlendis, með fyrirvara um samþykki foreldraráðs, enda samræmist það verklagsreglum um skipulagsdaga og skóladagatöl leikskóla



Kópavogs.

6. 1909444 - Umsókn um viðbótar skipulagsdag leikskóla

Leikskólinn Núpur óskar eftir viðbótar skipulagsdegi fyrir skólaárið 2022-2023 vegna námsferðar erlendis.

Leikskólanefnd samþykkir beiðni leikskólans Núps um viðbótar skipulagsdag vegna námsferðar erlendis, enda samræmist það verklagsreglum um skipulagsdaga og skóladagatöl leikskóla Kópavogs.

7. 1909444 - Umsókn um viðbótar skipulagsdag leikskóla

Leikskólinn Álfaheiði óskar eftir viðbótar skipulagsdegi fyrir skólaárið 2022-2023 vegna námsferðar erlendis.

Leikskólanefnd samþykkir beiðni leikskólans Álfaheiðar um viðbótar skipulagsdag vegna námsferðar erlendis, enda samræmist það verklagsreglum um skipulagsdaga og skóladagatöl leikskóla Kópavogs.

8. 1911516 - Starfsáætlun Waldorfleikskólans Yls

Starfsáætlun leikskólans Yls fyrir skólaárið 2022-2023 lögð fram til samþykkis.

Leikskólanefnd samþykkir starfsáætlun leikskólans Yls með fyrirvara um samþykki foreldraráðs.

9. 2205812 - Starfsáætlanir-Baugur 2021-2023

Starfsáætlun leikskólans Baugs fyrir skólaárið 2022-2023 lögð fram til samþykkis.

Leikskólanefnd samþykkir starfsáætlun leikskólans Baugs.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.

